

AUGLÝSING

um fríverslunarsamning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Slóveníu.

Hinn 29. febrúar 1996 var norska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Slóveníu sem gerður var í Bergen 13. júní 1995. Alþingi hafði með ályktun 20. febrúar 1996 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda samninginn.

Tilkynnt verður um gildistöku samningsins síðar.

Samningurinn liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem hægt er að fá aðgang að honum.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 4. mars 1996.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.